

Verkefnaráð

Fundargerðir: Verkefnaráð 18.04.2024

Verkefnaráð	1
Ráðgjafinn – Útleiðing Málaskrár	2
Samnýting skólalausna.....	4
M365 Sameining domain-a fyrir starfsfólk – fasi 2.....	5
Nýtt mannauðs- og launakerfi.....	7
Önnur mál	9

Verkefnaráðsfundur 18.04.2024

Verkefni Verkefnaráð	Yfirskrift fundar Verkefnaráðsfundur 2024
Dagsetning 18.4.2024	Staðsetning Borgartún 12-14
Mættir: Eva Björk Björnsdóttir, Harpa Atladóttir, Ólafur Óskar Egilsson, Þróstur Sigurðsson, Ásta Þöll Gylfadóttir, Arna Ýr Sævarsdóttir, Ólafur Sólímánn Helgason	
Fjarverandi: Óskar Sandholt	
Fundarritari: Harpa Atladóttir, Eva Björk Björnsdóttir	

Dagskrá fundar

Fimmtudaginn, 18. apríl 2024, kl. 10:00 – 12:00 – 6.hæð vestur, Þverárkot, Borgartún 12-14

10:00 -10:05 Samstilling
10:05–10:20 Ráðgjafinn – Útleiðing Málaskrár – Magnús og Inga
10:20–10:25 Umræður
10:25–10:40 Samnýting skólalausna: ákvörðun um næstu skref - Sólveig
10:40–10:45 Umræður
10:45-11:00 M365 Sameining domaina – Sævar
11:00-11:05 Umræður
11:05-11:20 Nýtt mannauðs- og launakerfi - Birgir
11:20-11:30 Umræður
11:30–12:00 Önnur mál
12:00 Fundi slitið

Ráðgjafinn – Útleiðing Málaskrár

Ráðgjafinn er sérhæft kerfi sem er sérstaklega þróað með það að markmiði frá upphafi að bæta hinum ýmsu þjónustum við kerfið þannig að á endanum myndi það fela í sér utanumhald mála á Velferðarsviði og leysa svokallaða málaskrá í Notes af hólmi.

Með verkefninu á m.a að:

Gamla HCL Notes málaskrá velferðarsviðs er kominn á endapunkt síns líftíma og ekki fyrirvaranlegt að þróa hana áfram til að mæta nýjum áskorunum í þjónustu velferðarsviðs. Ráðgjafinn er nothæfur í málaflokki fatlaðs fólks en aðra málaflokka velferðarsviðs vantar ennþá þarna inn; virkni og ráðgjöf, eldra fólk og börn og fjölskyldur.

Ávinningur/ábati:

- Ekki birt

Áætlaður kostnaður: 358 m.kr

Tímarammi: hluti af tímalínu birtur, rúmt ár

Óskað er eftir:

- 358 m.kr
- Vöruhönnuður í 100%
- Tæknistjóri í 50%
- Óskum eftir að geta stækkað teymið þ.e.a.s fengið forritara í fram- og bakenda eftir þörfum til að standast tímaramma

Næstu skref:

- Vantaði að lista það almennilega upp.

Tegund verkefnis: Fjárfestingarverkefni

Skor verkefnisins í Fylkinu:

Á ekki við þar sem aðilar þurfa að koma aftur inn fyrir verkefnaráð með skýrari framsetta sýn.

Niðurstaða

Ekki samþykkt eins og sett fram. Vel unnin gloppugreining en það þarf að koma aftur inn með skýrari sýn á framtíðina. Þ.e taka útúr gloppugreiningunni niðurstöðurnar og setja skýrt fram. Setja fram ábatamat og eina tölu fyrir kostnað.

Ákvörðun

Nr.	
1	Ekki samþykkt, koma aftur fyrir verkefnaráð
2	

Aðgerðalisti

Nr.	Lýsing	Ábyrðaraðili	Lokið
1	Verkefnaskráarstjóri upplýsir stafrænan leiðtoga um niðurstöðu verkefnaráðs	EBB/HA	x
2	Verkefnaskráarstjóri upplýsir vörustjóra um niðurstöðu verkefnaráðs	EBB/HA	x
	Verkefnaskráarstjóri upplýsir deildarstjóra vef- og vörustýringar og umbreytinga um niðurstöðu verkefnaráðs	EBB/HA	x

Aftur í efnisyfirlit

Samnýting skólalausna

Verkefnið skólalausnir kom fyrir verkefnaráð 22.september 2023 þar sem lagt var upp með að kortleggja hvað þurfi að gera svo að sveitafélög á HBSV (höfuðborgarsvæðinu) geti samnýtt lausnirnar: Innritun í grunnskóla og Bjargey og í kjölfarið aðrar lausnir sem gefnar verða út á næstunni.

Verkefnaráð samþykkti að farið yrði í greiningarferli þar sem verkefnið var talið brýnt.

Nú er verkefnastjóri kominn með niðurstöðu greiningar og vantar að fá ákvörðun verkefnaráðs með framhaldið.

Í upphafi átti verkefnið að snúast um uppbyggingu á sameiginlegum nemendagrunni og samnýtingu sveitarfélaga á Höfuðborgarsvæðinu á skólalausnum Reykjavíkurborgar. Nú hefur Miðstöð menntunar og skólaþjónustu (MMS) hafið vinnu við landlægan nemendagrunn og innritunarferli.

Búið er að gera:

- Fundað með hagaðilum
- Þarfa og gloppugreining
- Auðlinda og kostnaðargreining
- Fundir með MMS, Júní og Andes
- Yfirfærsla á þekkingu
- Veiting gagna til MMS

Með verkefninu átti m.a að:

Kortleggja hvað þurfi að gera svo að sveitafélög á HBSV (höfuðborgarsvæðinu) geti samnýtt lausnirnar: Innritun í grunnskóla og Bjargey og í kjölfarið aðrar lausnir sem gefnar verða út á næstunni.

Tímarammi: Á ekki við

Áætlaður kostnaður: Á ekki við

Óskað er eftir að verkefnaráð taki ákvörðun um hvort:

- Loka eigi verkefninu
- Setja tengilið

Tegund verkefnis: Fjárfestingaverkefni - greining

Skor verkefnisins í Fylkinu:

Staðfest skor verkefnaráðs dags: 26.9.2023: 5 5 1 5 5 5 3,67

Niðurstaða verkefnaráðs:

Samþykkt að loka megi verkefninu. Vörustjóri/framleiðandi Bjargeyjar tekur boltann og verkefnaráð styður hana í því að finna skurðpunktinn á milli ráðgjafar og þess hvenær og hvort þurfi að greiða fyrir þjónustu frá Reykjavíkurborg.

Nr.	Ákvörðun
1	Loka verkefninu
2	Deildarstjóri vef og vörustýringar og deildarstjóri umbreytinga taka samtalið með vörustjóra/framleiðanda

Aðgerðalisti

Nr.	Lýsing	Ábyrðaraðili	Lokið
1	Verkefnaskráarstjóri upplýsir verkefnastjóra um niðurstöðu verkefnaráðs	EBB/HA	x
2	Verkefnaskráarstjóri upplýsir deildarstjóra verkefnastofu um niðurstöðu verkefnis	EBB/HA	x
3	Verkefnaskráarstjóri upplýsir deildarstjóra vef- og vörustýringar og deildarstjóra umbreytinga um niðurstöðu verkefnaráðs	EBB/HA	x

Aftur í efnisyfirlit

M365 Sameining domain-a fyrir starfsfólk – fasi 2

Verkefnið kom fyrir síðasta verkefnaráðsfund, síðan þá hefur komið í ljós að kostnaðaráætlun var vanmetin. Hér er því um að ræða kostnaðaraukningu og breytingu í tíma.

Felst í því að flytja starfsfólk úr rvkskolar yfir í rvk.borg og M365 innleiðing í skólaumhverfið. Við flutning á starfsfólkinu þarf að flytja gögn af heimsvæðum, samstillta póstinn á milli og færa Teams svæði þar sem starfsfólk var byrjað að nota teams. Til að einfalda auðkenningar að flest öllum stafrænum lausnum er nauðsynlegt að starfsfólk sé í sama léni (e.domain).

Búið er að gera:

- Verkefnið hóst í mars 2023 eftir að Opin Kerfi voru valin sem samstarfsaðili í útboði.
- Flutningur leikskóla lauk í mars 2024, samtals starfsfólk um 2100.
- Vinnustofur með hagaðilum í frístund og grunnskólum þegar byrjaðar.
- Fyrstu starfsstaðir frístundar fara yfir kringum miðjan mars.

Með verkefninu á m.a að:

- Yfirfærsla á félagsmiðstöðvum og frístund, starfsfólk um 800.
- Yfirfærsla á grunnskólum, starfsfólk um 3000.
- Í lok verkefnis mun liggja fyrir tillögur að umbótum til að ná fram enn meiri hagræðingu.
- Það er eitt og annað sem er öðru vísi í grunnskóla en í leikskóla og er verið að greina það.

Væntur ávinningur/ábati:

- Allir í sama umhverfi, einfaldar auðkenningar og aðgangsstýringar að nánast öllum kerfum sem eru í innleiðingu
- Búið er að sjálfvirknivæða yfirfærsluna þannig að notendur halda aðgangi og fá gögnin rétt yfir.
- Viðkvæmum persónuupplýsingum ekki hægt að deila milli starfsfólks á öruggan hátt í núverandi umhverfi.
- Mikill sparnaður í að þjónusta eitt umhverfi í stað tveggja.
- Árlegur ábati í krónum talið er 86,4 m.kr.
 - Það eru 6.000 starfsmenn í skólaumhverfinu og 4.500 tölvur. Varlega áætlað er hægt að gefa sér að 10% af starfsfólki (600) eru virkir í samstarfi milli deilda/sviða. Reiknað með að hver klukkustund kosti um 12.000 kr og hver starfsmaður sparar 1 klst á mánuði sem er varlega áætlað, þannig sparast tæplega 50 mannmánuðir árlega. Þ.e 7.200 klst á 50 mannmánuðum = 86,4 m.kr.

Tímarammi: 14 mánuðir (var 10 mán)

Áætlaður kostnaður: 137 m.kr (aukning um 50 m.kr) Mesta kostnaðaraukningin er vegna leyfiskostnaðar, fer úr 8 m.kr í 40,7 m.kr.

Óskað er eftir:

Fjármagn uppá 137 m.kr. sem felur í sér vinnu eftirfarandi aðila:

- Verkefnastjóri 80% í 11 mánuði
- Verktakar OpinKerfi
- Vettvangsþjónusta
- Microsoft kerfisumsjón
- Auka leyfiskostnaður á innleiðingartíma – mun hærri en búist var við
- Kerfisstjórar

Næstu skref

- Áframhaldandi undirbúningur með hagsmunaaðilum, stefnt á að klára 4 grunnskóla og allar félagsmiðstöðvar og frístund fyrir sumarfrí.
- Verið er að útfæra tæknilegar útfærslur á því sem er öðruvísi en í leikskólaumhverfinu.
- Yfirfærsla á grunnskólum hefst svo aftur í byrjun september.

Tegund verkefnis: Fjárfestingaverkefni

Skor verkefnisins í Fylkinu:

Staðfest skor verkefnaráðs dags: 11.01.2023: 3 4 1 4 3 3 2,67

Niðurstaða verkefnaráðs:

Samþykkt. Heyra í Crayon og óska eftir fundi beint með microsoft í Danmörku varðandi leyfisgjöldin, ná þeim vonandi niður.

Nr.	Ákvörðun
1	Samþykkt
2	

Aðgerðalisti

Nr.	Lýsing	Ábyrðaraðili	Lokið
1	Verkefnaskráarstjóri upplýsir verkefnastjóra verkefnisins, deildarstjóra verkefnastofu og vörustjóra M365	EBB/HA	x
2			

Aftur í efnisyfirlit

Nýtt mannauðs- og launakerfi

Mannauðs- og launakerfi borgarinnar, SAP, er á útleið. Origo sér fram á lágmarks úthlutun auðlinda í kerfið fram að útleiðslu. Kerfið kemur meðal annars að áætlun, gagnasöfnun og skýrslugerð ásamt útreikningum og greiðslum launa. Með nýju kerfi koma ýmsir möguleikar varðandi samþættingu, verklag og samræmingu þvert á borgina. Samþættingar eru flóknar og erfiðar og orðspor kerfisins er litað af neikvæðni.

Verkefnið er viðamikið og snertir á öllum sviðum borgarinnar með einum eða öðrum hætti.

Búið er að gera:

- Forgreiningu lokið
- Markaðskönnun framkvæmd
- Kynningar á kerfum
- Verkefnahópur myndaður

Með verkefninu á m.a að:

- Fara í útboðsferli fyrir nýtt kerfi sem er nútímalegt með einföldum samþættingarmöguleikum.
- Nýta mannauðshlutann betur.

Væntur ávinningur/ábati:

- Uppfært verklag sviða og deilda
- Notendavænna viðmót
- Skilvirkari notkun
- Mannauðslausnir inn í kerfum sem ekki eru í notkun í dag

Tímarammi: 28 mánuðir

Áætlaður kostnaður: 280 m.kr

Óskað er eftir:

- Að verkefnastjóri verður settur á verkefnið til að taka við greiningu, útboði, uppsetningu og innleiðingu
- 50% verkefnastjóri

Næstu skref

- Þarfagreining
- Útboðsvinna

Tegund verkefnis: Fjárfestingarverkefni

Skor verkefnisins í Fylkinu:

18.04.2024: 4 4 3 4 5 2 3,60

Niðurstaða verkefnaráðs:

Fullur stuðningur við verkefnið frá verkefnaráði. Samþykkt að fyrsti fasi fari af stað sem er að útvega verkefnastjóra og hann fari í þá vinnu að útbúa útboðsgögn. Afurð úr fyrsta fasa eru þá útboðsgögn. Kostnaður við útboðsskrif fara undir fasa 1. Heimildarbeiðni byggir á þessu.

Nr.	Ákvörðun
1	Verkefni samþykkt miðað við niðurstöðu verkefnaráðs
2	

Aðgerðalisti

Nr.	Lýsing	Ábyrðaraðili	Lokið
1	Verkefnaskráarstjóri upplýsir stafrænan leiðtoga verkefnis um niðurstöðu verkefnaráðs	EBB/HA	x
2	Verkefnaskráarstjóri upplýsir deildarstjóra verkefnastofu um niðurstöðu verkefnis	EBB/HA	x

Aftur í efnisyfirlit

Önnur mál

Vörustjórar komi oftar inn og kynni sín mál. Þau komi þá reglulega inn á verkefnaráðsfund. Verkefnaráð er með heildarmyndina á verkefnum sem eru í gangi en okkur vantar smá yfirsýn yfir verkefni sem eru í forgangi hjá vörustjórum.

Skor í fylki

Skora þau verkefni sem ekki eru nú þegar með skor sem komu fyrir verkefnaráð í dag.

Vantar á verkefnið:

- Nýtt mannauðs- og launakerfi
- Ráðgjafinn – útfösun málaskrár

Kynningar frá aðilum sem koma inn með erindi

Verkefnaskráarstjórar eru að senda fólki sniðmát, en mismunandi hvort fólk er að fara eftir því Hvað viljiði sjá? Eruði ánægð í heildina með það sem er að koma fram?

- Í hnotskurn – hvað felst í verkefninu í stuttu máli
- Hvað er verið að óska eftir – fjármagn x m.kr og teymi
- Skýr tímalína
- Skýr ábati og þar með kostnaður og tími
- Hvaða fólki/sérfræðingum er verið að óska eftir
- Næstu skref

Við verkefnaskráarstjórar ættum að leggja áherslu á það á næstunni að kynna fyrir deildum hvað verkefnaráð gerir, hvað verkefnaskráin felur í sér og hvað felur í sér að halda kynningu fyrir verkefnaráð.

Aftur í efnisyfirlit

Næsti fundur

Næsti fundur verkefnaráðs ÞON verður haldinn 7.maí 2024